

Skipulagsstofnun
Jóhanna Hrund Einarsdóttir
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

TILV./BRÉF YÐAR:
209/2024

VERKNÚMER:
11237006

DAGS.:
2024-04-09

NR.:
395067

Viðbrögð við framkomnum athugasemdum vegna fyrirspurnar um matskyldu nýrrar akbrautar á Egilsstaðaflugvelli

Isavia innanlandsflugvellir ehf. tilkynnti fyrirhugaðar framkvæmdir á Egilsstaðaflugvelli vegna nýrrar akbrautar til Skipulagsstofnunar þann 12. desember 2023. Skipulagsstofnun óskaði í framhaldinu eftir umsögnum um málið frá Múlaþingi, Fiskistofu, Hafrannsóknarstofnun, Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Samgöngustofu, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun og Vegagerðinni. Ekki barst umsögn frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands. Hér að neðan er vísað til athugasemda úr umsögnum sem Skipulagsstofnun hefur óskað eftir að brugðist væri við.

Minjastofnun Íslands, bréf dagsett 26. mars 2024

Í umsögn Minjastofnunar Íslands komu eftirfarandi athugasemdir fram:

- „Samkvæmt henni [fornleifaskráningu frá 2018] voru eftirfarandi fornminjar skráðar innan deiliskipulagssvæðisins í nálægð við fyrirhugað framkvæmdarsvæði: tóft (SM-1980:001), garðlag (SM-1980:002) og garðlag (SM-1980:003) auk þess sem þess er getið að mögulega séu minjar norðan við tóft (SM-1980:001).
Það virðist hafa misfarist að nefna í matskýrslunni að norðan við fornminjar SM-1980:001 geti mögulega verið fleiri minjar. Samkvæmt fornleifaskráningunni reyndist erfitt að greina þær sökum gróðurs en loftmyndir gefi til kynna mögulega minjar á því svæði. Í umsögn Minjastofnunar Íslands um breytingu á deiliskipulagi Egilsstaðaflugvallar var vakin athygli á þessu og tekið fram að ef breyting yrði á skipulaginu og framkvæmdir fyrirhugaðar innan svæðisins þyrfti að vinna slík áform í samráði við stofnunina. Með þeirri breytingu sem nú er verið að gera færast flugvallagirðing og eftirlitsslóði nær þessum mögulega minjastað en punktur hans kann að standa fyrir minjar sem ná yfir stærra svæði. Vinna þarf í samráði við Minjastofnun Íslands að útfærslu á staðsetningu flugvallargirðingar og eftirlitsslóða sökum mögulegra minja á svæðinu. Mögulega kann stofnunin að fara fram á frekari rannsóknir á svæðinu áður en til framkvæmda kemur.“

Viðbrögð Isavia

Óskað verður eftir samráði við Minjastofnun Íslands í tengslum við breytingu á deiliskipulagi flugvallarsvæðisins varðandi mögulegar minjar norðan við tóft (SM-1980:001) og hvort að þær hafi áhrif á útfærslu fyrirhugaðra framkvæmda eða kalli á frekari rannsóknir.

- „Stofnunin gerir athugasemdir við byrjunarsetningu kafla 5.6. en þar segir: „Viðmiðið er að stuðla að friðun fornminja, sbr. reglugerð nr. 80/2012 um menningarminjar.“ Minjastofnun Íslands bendir á að fornminjar eru friðaðar sökum aldurs og er óheimilt að raska þeim á



nokkurn hátt án leyfis Minjastofnunar Íslands sbr. 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Einnig að ekki er til reglugerð nr. 80/2012 um menningarminjar heldur eru í gildi lög um menningarminjar nr. 80/2012.“

Viðbrögð Isavia

Ábending er móttækin og réttara hefði verið að skrifa: „Viðmiðið er að stuðla að friðun fornminja, sem eru friðlýstar eða friðaðar sökum aldurs og óheimilt er að raska á nokkurn hátt án leyfis Minjastofnunar Íslands, sbr. 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

3. „Myndir 8 og 9 í matsskýrslunni eru teknar upp úr fornleifaskráningunni frá 2018 og sýna afstöðu skráðra fornminja innan deiliskipulagssvæðisins. Á mynd 9 er rangt farið með skilgreiningu á táknum í myndtexta. Grænir punktar tákna skráningarpunkt skráðra fornminja úr skráningunni árið 2018 en ekki skráningunni frá 1997.“

Viðbrögð Isavia

Ábending er móttækin og eins og kemur fram í umsögn Minjastofnunar eiga grænu punktarnir á myndum 8 og 9 við fornleifaskráningu frá 2018 og hvítu punktarnir við skráningu frá 1997.

Fram kemur í kafla 5.6 í greinargerð fyrirspurnar um matsskyldu að ef vart verði við nýjar fornminjar á framkvæmdasvæðinu á framkvæmdatíma verði framkvæmdir stöðvaðar og Minjastofnun gert viðvart.

Múlaping, bréf dagsett 8. mars 2023

Í umsögn Múlapingis komu eftirfarandi athugasemdir fram:

1. „Athygli er vakin á því að kanna þarf hvort fráveitulagnir liggja innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis.“

Viðbrögð Isavia

Við frumhönnun verkefnis er í gangi vinna við að kortleggja allar lagnir í jörðu innan framkvæmdasvæðis og verður gefin út sérstök skýrsla sem notuð verður til grundvallar frekari hönnunar og deiliskipulagsvinnu.

2. „Ekki er fjallað sérstaklega um mótvægisáðgerðir og vöktun vegna mögulegra áhrifa á tiltekna umhverfisþætti.“

Viðbrögð Isavia

Í kafla 6.2 er fjallað um mótvægisáðgerðir. Þar kemur fram að þess beri að gæta að raska ekki vatnshlotunum Eyvindará og Lagarfljót og fara þurfi sérstaklega varlega við framkvæmdir í nánd við bakka Eyvindarár svo ekki berist grugg eða mengun í ána. Þetta kallar á eftirlit á framkvæmdatíma.

3. „Múlaping telur ekki ástæðu til að framkvæmdin skuli háð umhverfismati en bendir á að hún kallar á breytingu gildandi skipulags.“

Viðbrögð Isavia

Fram kemur í kafla 4.3 að hafinn sé undirbúningur fyrir breytingu á deiliskipulagi flugvallarins og hafa Isavia og sveitarfélagið fundað um þær breytingar. Óskað verður eftir áframhaldandi samráði við Múlaping vegna nauðsynlegra skipulagsbreytinga.



Í kafla 1.2 er vísað til þess að sótt verði um framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar. Þá verður sótt um byggingarleyfi ef setja þarf upp vinnubúðir fyrir verktaka, svo og starfsleyfi fyrir vinnubúðirnar til heilbrigðiseftirlits.

Virðingarfyllt, f.h. Verkís hf.


Þórhildur Guðmundsdóttir

Sæl Jóhanna

Samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum eru bæði Selhöfðanáma og Mýnesnáma opnar. **Selhöfði** er með gilt starfsleyfi til 2035 (sjá viðhengi) en samkvæmt sveitarfélaginu Múlaþingi er ekki gilt framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku á svæðinu. Því þyrfti rekstraraðili að sækja um framkvæmdaleyfi áður en efnistaka hæfist fyrir framkvæmdir við Egilsstaðaflugvöll. Ekki virðast vera fyrirliggjandi upplýsingar um hve mikið efni hefur verið unnið úr námunni hingað til.

Unnin voru drög að starfsleyfi fyrir **Mýnes** árið 2021 og þau auglýst til umsagnar, en starfsleyfið hefur ekki enn verið gefið út. Árið 2015 var hins vegar gefið út framkvæmdaleyfi fyrir Mýnes fyrir efnistöku allt að 50.000 m³ sem gildir út árið 2025. Ekki er vitað hver staðan á efnistökunni er í dag, þ.e. hversu mikið er eftir af efnistökuheimildinni. Samkvæmt umsögn Skipulagsfulltrúa Múlaþings um starfsleyfið (sjá viðhengi) segir að starfsemin í Mýnesi sé í samræmi við ákvæði aðalskipulags en að endurnýja þurfi framkvæmdaleyfi ef vinna á magn umfram það sem heimilt er samkvæmt gildandi framkvæmdarleyfi.

Fáist starfsleyfi fyrir Mýnesnámu (og endurnýjað framkvæmdaleyfi) ekki útgefið áður en framkvæmdir á Egilsstaðaflugvelli eiga að hefjast verður leitað að öðru efnistökusvæði fyrir efni í fergingar. Nokkrar setnámur eru í notkun á svæðinu sem væri hugsanlegt að nýta og þar af tvær með gilt starfsleyfi; Eyvindará (E13, Eyvindará ehf.) og Eyvindarárdalur (E14, Múlaþing). Aðrar setnámur í notkun þar sem þyrfti að athuga með starfs- og framkvæmdaleyfi eru m.a. Þórsnes (E102), Tjarnarland (E76), Rangá (E63), Fjármelar, Hallgeirsstaðir (E27-29), Ormsstaðaá (E62) og Gilsárþakki (E20).

Með því að áfangaskipta framkvæmdinni er hugsanlegt að nýta megi fyllingarefni, að hluta til a.m.k., fyrst til fergingar. Þessháttar tilhögun hefði áhrif til minnkunar á heildarefnispörf. Erfitt er að áætla áhrif á magn fyrr en búið er að fullhanna akbrautina.

Varðandi frágang á efnistökusvæðunum þá yrðu einungis nýttar opnar námur í þessu verkefni og því á höndum rekstraraðila námanna að uppfylla skilyrði um frágang.

Vinsamlegast hafðu aftur samband ef þessar upplýsingar eru ekki fullnægjandi.

Með kveðju, Þórhildur



Þórhildur Guðmundsdóttir

Byggingarverkfræðingur | Civil Engineer M.Sc.

+354 422 8438 | +354 864 5035 | tg@verkis.is

From: Jóhanna Hrund Einarsdóttir - SLS <Johanna.H.Einarsdottir@skipulag.is>
Sent: fimmtudagur, 18. apríl 2024 16:12
To: Þórhildur Guðmundsdóttir <tg@verkis.is>
Cc: Erna Ósk Arnardóttir <eroa@verkis.is>
Subject: Ný akbraut á Egilsstaðaflugvelli

Sæl

Ég er að vinna í því að skrifa ákvörðun fyrir akbrautina á Egilsstaðaflugvelli og vildi athuga hvort þið hefðuð meiri upplýsingar um efnistökusvæðin sem áformað er að taka efnið úr í ljósi þess hversu umfangsmikil þessi efnistaka er? Eru þessar námur opnar? Hvað er heimilað að taka mikið úr þessum námum í heild og hvað er búið að taka mikið nú þegar? Hvernig verður frágangi á þessum efnistökusvæðum háttað? Það eru mjög takmarkaðar upplýsingar varðandi efnistökusvæðin í aðalskipulagi Fljótshéraðs.

Með kveðju,
Jóhanna Hrund

Jóhanna Hrund Einarsdóttir

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessments
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100

Johanna.H.Einarsdottir@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun



HAUST
Tjarnarbraut 39b
700 Múlaþingi

Egilsstöðum, 26.febrúar 2021

Varðandi: umsögn skipulagsfulltrúa Múlaþings um drög að starfsleyfi fyrir malarnámu og efnistöku í landi Mýness, Fljótsdalshéraði

Í Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 eru skilgreind svæði fyrir efnistöku E59 í landi Mýness og E104 í landi Tókastaða / Mýness. Ekki kemur fram í umsókn um starfsleyfi hvort svæðið er um að ræða. Í greinargerð með skipulaginu segir m.a. um efnistökusvæði:

Efnistaka er heimil á [...] stöðum, sem sýndir eru á skipulagsuppdráttum að fengnu framkvæmdaleyfi. Sveitarstjórn getur einnig veitt framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku úr sjó, innan netalaga og í botni vatnsfalla á stöðum sem nafngreindir eru í greinargerð skipulagsins en án merkingar á skipulagsuppdrátt, að höfðu samráði við eigendur aðliggjandi landareigna. Ekki er krafist deiliskipulags fyrir efnistökusvæði en með umsókn um framkvæmdaleyfi skulu fylgja ítarleg gögn um stærð og staðsetningu efnistökusvæðisins, fyrirkomulag efnisvinnslu og frágang að vinnslu lokinni. Stærð svæðanna er ekki tiltekin í aðalskipulagi en tiltaka ber í framkvæmdaleyfisumsókn það umfang efnistöku sem fyrirsjáanlegt er a.m.k. til næstu tveggja ára. Að þeim tíma liðnum, þarf að endurnýja framkvæmdaleyfi sé efnisvinnslu haldið áfram.

Umrædd starfsemi er því í samræmi við ákvæði aðalskipulags.

Framkvæmdaleyfi var gefið út fyrir umrædda malarnámu árið 2015, fyrir efnistöku allt að 50.000 m³. Ekki liggja fyrir frekari upplýsingar um núverandi stöðu efnistöku, stærð svæðis og haugsetningu efnis. Í samræmi við ákvæði í greinargerð með aðalskipulagi þarf framkvæmdaaðili að sækja um endurnýjun framkvæmdaleyfis ef fyrirhuguð er áframhaldandi efnisvinnsla á svæðinu.


SÍGURÐUR JÓNSSON
SKIPULAGSFULLTRÚI
MÚLAÞINGIS

Múlaþing
Lyngási 12, 700 Egilsstaðir
Sími: 4 700 700
mulathing@mulathing.is
mulathing.is

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Þórfell ehf.
kt. 410709-0230

Starfsstöð: Selhöfði, náma E67, 701 Egilsstaðir

Gildistími: frá 13. október 2023 til 13. október 2035

Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Efnistöku

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda á hverjum tíma sem og:

- Starfsleyfisskilyrðum fyrir efnistöku sem koma fram í fylgiskjali I
- Almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfssemi sem koma fram í fylgiskjali II

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmáður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Lára Guðmundsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

Fylgiskjal I

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR

efnistöku

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

- 1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir vinnslu jarðefna úr malar-, vikur, grjót- og sandnámum, þ.m.t. hörpun og grófvinnslu efnis.
- 1.2 Ef starfsleyfishafi er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.3 Starfsleyfishafi skal tryggja að starfsemin sé í samræmi við gildandi skipulag og samþykkt notkun fasteigna. Jafnframt skal starfsleyfishafi sjá til þess að farið sé að öllum skilyrðum sem fram koma í niðurstöðum umhverfismats, hafi það farið fram, fyrirmælum í framkvæmdaleyfi viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórnar og ákvæðum starfsleyfisskilyrða þessa við frágang efnistökusvæðis.
- 1.4 Starfsleyfishafi skal veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfseminni með góðum fyrirvara áður en í þær er ráðist. Sé um að ræða meiriháttar breytingu á rekstrinum eða breytingu sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati heilbrigðisnefndar, ber starfsleyfishafa að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.5 Tilkynna skal heilbrigðisnefnd ef starfsemi er lögð niður eða eigendaskipti verða. Starfsleyfishafa er jafnframt skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun ef rekstur er stöðvaður tímabundið og koma athafnasvæði rekstraraðila í viðunandi horf, að mati heilbrigðisnefndar, ef rekstur er endanlega stöðvaður og starfsemin lögð niður.
- 1.6 Starfsleyfishafi skal tilnefna sérstakan ábyrgðarmann fyrir umhverfismálum gagnvart heilbrigðisnefnd.
- 1.7 Starfsleyfishafi skal hafa eigið eftirlit og skráningu þar sem kemur m.a.:
 - Fjöldi efnistökuastaða, hnittsett staðsetning, efnistegund og vinnslumagn.
 - Upplýsingar um nöfn verktaka sem stunda efnistöku í námum sem starfsleyfið nær til.
 - Fjöldi olútanka, olíuáfyllingarsvæða, olíuskilja, magn olíuefna og rýrnun.
 - Atvik er varða mengunarvarnir rekstraraðila s.s. rekstur og viðhald á mengunarvarnabúnaði, bilanir, mengunaróhöpp og kvartanir m.t.t. umhverfismála.
 - Notkun, flutning og förgun spilliefna, br. reglugerð um spilliefni nr. 806/1999.
 - Magn olíusora og sands í olíuskiljum, mælt við reglulegt eftirlit, dagsetningar tæminga, magn og nafn dæluaðila.

Heilbrigðisfulltrúar skulu hafa aðgang að ofangreindum skráningum.

2. MENGUNARVARNIR

- 2.1 Olíuáfyllingar og olíuskipti á þungavinnuvélum skulu eingöngu fara fram á olíuheldu áfyllingsplani með frárennsli sem leitt er í olíuskilju. Heilbrigðisnefnd getur, ef aðstæður leyfa, samþykkt annan búnað sem uppfyllir markmið um ásættanlegar mengunarvarnir.
- 2.2 Gæta skal ýtrustu varúðar við meðferð olíu og við olíuáfyllingar. Ísogsbúnaður og/eða ísogsefni skal hafa til taks og nota ef spilliefni hellast niður. Verði vart við olíuleka skal strax brugðist við, mengaður jarðvegur fjarlægður og heilbrigðisnefnd tilkynnt um atburðinn. Fari niður meiri olía en svo að starfsmenn ráði við að fjarlægja hana strax, skal slökkviliði þegar gert viðvart í neyðarsíma 112. Um ábyrgð á umhverfistjóni af völdum atvinnustarfsemi eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni gilda lög um umhverfisábyrgð
- 2.3 Allt frárennsli sem getur verið mengað af olíuefnum skal leitt í olíuskilju. Olíuskiljur skulu tæmdar eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári, og olíusora skilað til móttökustöðvar fyrir slíkan úrgang.
- 2.4 Olíutankar skulu ávallt vera í þróm eða staðsettir á öruggan hátt á olíuheldu plani með afrennsli í samþykta olíuskilju. Olíutankar skulu búnir yfirfyllingarviðvörn eða yfirfyllingarvörn. Tryggt skal að olía renni ekki út í umhverfið þó lagnir bresti. Afla þarf samþykkis byggingafulltrúa og heilbrigðiseftirlits fyrir, staðsetningu, stærð og frágangi olíutanka. Sama gildir um frágang á áfyllingsplani og olíuskilju. Olíubirgðatankar stærri en 10.000 lítra þurfa sér úttekt Umhverfisstofnunar.
- 2.5 Díselrafstöðvar skulu staðsettar innandyra og með öruggri lekavörn.
- 2.6 Ekki skal geyma meira en nauðsynlegt er vegna skammtímanotkunar af smurólíum á svæðinu.
- 2.7 Úrgangsolía, notaðar olíusíur og rafgeymar eru spilliefni sem á að fara með í viðurkennda förgun. Geymsla á þessum efnum ásamt málningu, málningarafgöngum og smurólíum og smurfeiti skal vera á öruggum stað innan dyra.
- 2.8 Fyrir olíubirgðatanka og lagnir gilda ákvæði reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi nr. 884/2017, með síðari breytingum.
- 2.9 Verktakar skulu ekki geyma olíubirgðir á efnistökusvæðum eftir að vinnsla er lokið.

3. AÐKOMA OG FRÁGANGUR

- 3.1 Yfirbragð efnistökusvæðis skal vera snyrtilegt og uppfylla almenn öryggissjónarmið.
- 3.2 Við efnistöku og frágang skal fylgja leiðbeiningunum: *Námur –efnistaka og frágangur*, sem umhverfisráðuneyti o.fl. gáfu út árið 2002
- 3.3 Flytja skal allan úrgang sem fellur til við starfsemina jafnóðum frá námusvæðum og koma í viðurkennda förgun. Öll brennsla og urðun úrgangs er bönnuð á námusvæðum.
- 3.4 Rekstraraðili skal sjá til þess að fjarlægður sé jafnóðum allur búnaður og hlutir sem kunna að berast inn á svæðið og eru rekstrinum óviðkomandi.
- 3.5 Þess skal gætt að starfsemin valdi ekki öðrum óþarfa ónæði eða hávaða og að foggjörn jarðefni valdi ekki skaða eða röskun á umhverfi utan vinnslusvæðis. Ef þörf er á skal skerma jarðefni af.

- 3.6 Þungavinnutæki skulu ávallt hafa gild skoðunarskírteini. Eingöngu brýnustu viðgerðir til að forða tjóni eða umhverfismengun mega fara fram á svæðinu. Tæki skulu að jafnaði flutt af svæðinu til viðgerða.
- 3.7 Á efnistökusvæðinu skulu hvergi myndast óþarfa tjarnir. Ef hætta er á að ár og lækir mengist skal grípa til viðeigandi ráðstafana, t.d. með því að leiða vatnið í gegnum settjarnir eða síubeð, eða aðra hreinsun sem heilbrigðisnefnd telur þörf á.
- 3.8 Mengist jarðvegur vegna starfseminnar er starfsleyfishafi ábyrgur fyrir því að jarðvegurinn sé fjarlægður og/eða meðhöndlaður í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar¹ nr. 8 frá 1998 um meðferð á olíumenguðum jarðvegi.
- 3.9 Fráveituvatn frá eldunar- og salernisaðstöðu skal leiða í safntank, rotþró eða fráveitukerfi sveitarfélags. 798/1999
- 3.10 Fylgja þarf reglum Vinnueftirlits ríkisins varðandi meðferð og geymslu sprengiefnis.

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum: Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 75/2003 um brunavarnir, lögum nr. 55/0212 um umhverfisábyrgð, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, reglugerð nr. 8/2009 um skoðun ökutækja, auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

¹ Gefin út af þáverandi stofnun (Hollustuvernd ríkisins)

Fylgiskjal II

ALMENN STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR MENGANDI STARFSEMI

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

1.1 Sækja skal um nýtt starfsleyfi ef gera á umtalsverðar breytingar á rekstrinum, taki nýr rekstraraðili við eða ef starfsemin flytur.

1.2 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1.3 Í starfsleyfi eru skráðar sérstakar kröfur til mengunarvarna sem rekstur þarf að uppfylla. (reglugerð 550/2018)

1.4 Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu aðgengilegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt.

1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækisins að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.

1.6 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.

1.7 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

2. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

2.1 Lóð og húsnæði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnæðið skal vera viðurkennt soppílát.

2.2 Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð.

2.3 Fyrirtækið virði það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.

2.4 Afla ber leyfis fyrir staðsetningu olútanka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

2.5 Bifreiðum, tækjum, lausamunum, úrgangi og annað sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila og þannig að ekki valdi slyshættu. Óheimilt er að nýta bílastæði sem ákveðin eru í skipulagi eða á samþykktum uppdráttum sem slíka geymslu.

3. MENGUNARVARNIR

3.1 Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr hljóðmengun og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

3.2 Loftræstingu skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft- eða hávaðamengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri er heilbrigðisnefnd heimilt að krefjast úrbóta s. s. breytinga á útrásum, eða hreinsunarbúnaðar.

3.3 Upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennislagna skulu vera tiltækar í fyrirtækinu. Engar breytingar verði gerðar á frárennli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni. Fráveitukerfi skal vera tvöfalt sé þess talin þörf. Mengunarvarnabúnaði skal komið fyrir á fráveitu í samræmi við ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

3.4 Við meðferð alls úrgangs verði þess gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs eins og við á.

3.5 Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.

3.6 Spilliefni og hættuleg efni verði meðhöndluð af varúð og aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum og úrgangi. Spilliefnum sé skilað í viðurkennda söfnunar- eða móttökustöð. Mikilvægt er að tryggja greinargóðar merkingar íláta og aðskilin afmörkuð rými eða svæði. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.

3.7 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósonlagsins.

3.8 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndur sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.

3.9 Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á olíu og olíuefnum, varúðar- og hættumerktum efnum og spilliefnum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað, yfirfara þarf hana reglubundið með starfsmönnum og halda æfingar til að æfa viðbrögð a.m.k. einu sinni á ári.

4. SPILLIEFNI OG ÚRGANGUR

4.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er kostur. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

4.2 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.

4.3 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.

4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð, traust ílát, sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi.

Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.

4.5 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings spilliefna.

4.6 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Sams konar upplýsingar skulu fylgja spilliefnunum. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit í fyrirtækinu.

4.7 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, með síðari breytingum.

5. EFTIRLIT

5.1 Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir annast eftirlit með atvinnurekstri. Um gjaldtöku fyrir eftirlit fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum: Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerða nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósónlagsins, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) og reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.

13. október 2023

Greinargerð vegna starfsleyfisvinnslu – Efnistaka úr námu E67, Selhöfði

Umsókn um starfsleyfi vegna efnistöku úr námu í Selhöfða merktri E67 á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028, barst þann 28.7.sl Umsækjandi var Þórfell ehf. kt. 410709-0230.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins var í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tillaga að starfsleyfi var auglýst á heimasíðu HAUST þann 5.9.2023, 4 vikna frestur til að skila inn athugasemdum rann því út þann 3.10.2023.

Engar athugasemdir bárust á umsagnartíma og var starfsleyfi útgefið í dag með gildistíma í 12 ár.

Í umsögn sveitarfélagsins Múlaþing vegna starfsleyfisumsóknar kom fram að fyrirhuguð áform væru í samræmi við skipulagsskilmála aðalskipulags en framkvæmdaaðili þurfi að sækja um nýtt framkvæmdaleyfi til sveitarfélagsins.

Engar breytingar voru gerðar á útgefnu starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

Virðingafyllst



Lára Guðmundsdóttir
heilbrigðisfulltrúi